

MENNINGARVIKA

Fyrstu dagana í maí s.l. efndu Samtök hernámsandstæðinga til menningarviku í Lindarbæ, sem var bæði fjölbreytt að efni og einkar vel sótt. Eins og menn minnst gengust samtökin fyrir viðlíka menningarviku fyrir þremur árum í Listamannaskálanum. Gaf hún svo góða raun að einsætt þótti að efna til nýrrar menningarsóknar á þessu ári, er tuttugu og fimm ár eru liðin frá því að Ísland var hernúmið.

Eins og endranær brugðust íslenzkir listamenn vel við þessu frumkvæði samtaka okkar. Á Menningarvikunni í Lindarbæ komu fram ljóðskáld, rithöfundar, myndlistarmenn, leikarar hljómlistarmenn og dansarar. Tveir leikþættir voru frumsýndir og tvær samfelldar dagskrár voru fluttar.

Þóroddur Guðmundsson, rithöfundur, setti Menningarvikuna með ræðu við opnun myndlistarsýningarinnar. Er hún birt annars staðar í blaðinu.

Á myndlistarsýningunni sýndu 37 listmálarar og myndhöggvarar verk sín. Samtökin hafa allt frá upphafi notið stuðningskunnustu listmálara þjóðarinnar og hann birtist enn einu sinni í verki á þessari fjölbreyttu samsýningu. Íslenzkir listamenn skilja manna best hver háski steðjar að menningu okkar frá herstöðinni í Keflavík og hinni þöpskáu innrás ameríkansmans inn á íslenzk heimili gegnum sjónvarpssendingar Keflavíkurstöðvarinnar. Þess vegna fylkja þeir sér um samtök okkar og láta fúkyrði Morgunblaðsins sem vind um eyrun þjóta.

Af því efni sem flutt var á Menningarvikunni var margt nýtt af nálinni. Má þar nefna leikþætti tvo, „Ætlar blessuð manneskjan að gefa upp andann?“ eftir Thor Vilhjálmsson og „Jóðlíf“ eftir Odd Björnsson, sem fluttir voru undir leikstjórn Brynju Benediktsdóttur og Erlings Gíslasonar. Einkum vakti einþáttugur Odds Björnssonar mikla athygli fyrir nýstárleik og hnytni.

Óhætt mun að fullyrða að

flutningur Sóleyjarkvæðis eftir Jóhannes úr Kötlum, við hljómlist eftir Pétur Pálsson, hafi hlotið hjartanlegastar undirtektir þeirra sem Menningarvikuna sóttu. Flytjendur kvæðisins voru sjö, auk lagasmiðsins Péturs Pálssonar, allt ungt fólk. Mátti hver maður þekkja þar tónlist síns lands, svo og gömul þjóðlagastef. Lagsetning Sóleyjarkvæðis er menningarviðburður sem samtök okkar munu leitast við að kynna sem flestum landsmönnum, t.d. með því að láta syngja það inn á hljómplötu.

Nýstárleg var einnig hljómlist sem Atli Heimir Sveinsson flutti, bæði nútímaleg og þjóðleg. Þá samdi Þórhildur Þorleifsdóttir dansa og æfði flokk stúlkna sem dönsuðu við lög eftir Bela Bartók; fórst henni það vel úr hendi.

Skáld okkar og rithöfundar létu heldur ekki standa á liðsinni sínu. Þórbergur Þórðarson, Jón úr Vör, Ingimar Erlendur Sigurðsson, Guðmundur Böðv-

arsson, Jóhannes úr Kötlum, Halldóra B. Björnsson, Þorsteinn frá Hamri, Guðbergur Bergsson og Jón Sigurðsson, ungur menntaskólanemi, lásu upp úr verkum sínum. Hafði margt af því efni ekki birt áður. Þá las Þórarinn Guðnason, læknir, upp limrur eftir Þorstein Valdimarsson.

Einar Laxness tók saman samfellda dagskrá úr sjálfstæðisbaráttu Íslendinga á 19. öld og brá upp svipmyndum úr sögu endurreisnar Alþingis, Fjölnismanna og Jóns Sigurðssonar. Lesarar með honum voru: Gils Guðmundsson, Óskar Halldórsson og Rögnvaldur Hannesson.

Ennfremur flutti Sverrir Hólmarsson merkilegt erindi um danskvæði. Voru fléttuð inn í það tónðæmi sem Alþýðukórinn, undir stjórn dr. Hallgríms Helgasonar, flutti.

Af þessu má ljóst verða að Menningarvikan sýndi í þverskurði sköpunarstarf íslenzkra

listamanna, yngri og eldri, á vorum dögum. Hún sýndi einkar ljóslega hvernig þeir tvínna list sína úr íslenzkri arfleifð og alþjóðlegum nýjungum. Þeir hafa Janusarhöfuð sem sér í bak og fyrir.

Tákn þjóðlífsins eru nú skýrari en nokkru sinni. Annars vegar Menningarvikan sem allflestir listamenn þjóðarinnar taka þátt í til stuðnings því marki að Ísland verði herstöðvalaust og friðlýst land, hins vegar hin unggæðingslegu afsprengi hernámsstefnunnar sem í lok Keflavíkurgöngunnar voru fengnir til þess, tugum eða hundruðum saman, að ráðast á göngumenn með ókvæðisorðum, sprengjum, eggjakasti og grjótkasti.

Listamenn okkar blása ótvírátt til atlögu gegn erlendum her, herstöðvum og Atlanzhafsbandalagi með gildi listaverka sinna, sem þeir sýndu á þessari Menningarviku hernámsandstæðinga.

★



Myndir úr tveim leikþáttum, sem fluttir voru á menningarvikunni: Jóðlífi eftir Odd Björnsson og Ætlar blessuð manneskjan að gefa upp andann eftir Thor Vilhjálmsson. Þorsteinn Ö Stephensen, Erlingur Gíslason og Baldvin Halldórsson fluttu þættina.

HRÍÐAR- SPOR

Guðmundur
Böðvarsson



Guðmundur Böðvarsson, skáld að Kirkjubóli er einn þeirra mörgu listamanna sem veitt hafa Samtökum hernámsandstæðinga ómetanlegt liðsinni á undanförunum árum. S.l. vor færði hann Samtökunum gjöf sem seint verður fullþökkuð — ljóðabókina HRÍÐARSPOR sem höfundur tileinkaði samtökunum og gefin var út í tilefni Menningarvirkunnar í maí s.l. Bókin kom út í 300 tölusetnum eintökum, árituðum af höfundi.

Í formálsorðum bókarrinnar segir höfundur: „Í þessu kveri eru samantekin nokkur kvæði, hverra uppruna mætti rekja til þeirrar löngunar, að Íslendingar fengju að lifa og mótast sem vaxandi, sjálfstæð þjóð í sínu eigin landi, án þess að þurfa að deila því með herflokkum framánda þjóðar.“

Mörg þessara kvæða hafa áður birst í kvæðakverum, sem komið hafa út á undanförunum árum, sum eru tekin upp úr blöðum og tímaritum, en hafa ekki áður birst á bókarsíðum, og nokkur hafa hvergi birst fyrr en hér.

Má vel vera að öllum þeim sem vilja hafa list fyrir listina — og þá auðvitað ekki sízt þeim, sem eru andstæðingar þess málstaðar sem hér er studdur, þyki þetta vond bók og enginn skáldskapur. Ekki sæti á mér að vera á móti því. En vilji maður heils hugar veita einhverju málefni brautargengi, sem hann frekast kann, þá tekur hver og einn til þess vopnsins sem honum er tamast og finnur hendi sinni næst. Væri vissulega til of mikils mælt að

öllum þætti það vopn gott og fimlega borið. Hugsun um slíkt er og óþarfa viðkvæmni. Því hitt væri stórum verra við að una, að vita sig ekki hafa lagt fram sinn hlut sem skyldi, til stuðnings þeim málstað, sem maður hélt þó beztan.

Um leið og ég fæ vinum mínum og samherjum í Samtökum hernámsandstæðinga þessa litlu bók í hendur til útgáfu, óska ég þeim alls góðs í baráttunni fyrir friðsömu og herstöðvalausu Íslandi.“

Ekki er að efa, eins og Guðmundur segir, að sumum mun þykja þetta „vond bók“, þar sem hún er helguð hernámsandstæðingum, en fáum mun stætt á því að í henni sé „enginn skáldskapur“. Eftir lestur fyrsta kvæðis bókarrinnar, Með vinar-kveðju, þarf enginn að efast um skáldskapargildi hennar. Það hljóðar svo:

Ekki met ég sæmd og sigra
sverðsins, eins og þú,
heldur ekki hef ég lifað
hinni „sönnu trú“ —
á hún þó úr öldum framan
orð er síðla deyr:
Þeir er frið og sættir semja,
sælir eru þeir.

Veizt þú, vinur, hvar og hvenær
hófst sú þrá, að við
mættum skammri ævi una
öll, við sátt og frið?
Ríkið, ofar blóði og böli,
hjörtum ljóma skein,
þar, sem byðust lambi og ljóni
lífsgríð söm og ein.

Eflaust hefur ótal marga
undrið mikla dreymt.

OKKAR fagra fyrirheiti
fæ ég aldrei gleymt:
Þó að harður heimur reiði
hvesstan vígabrand,
vera skal um ár og aldir
Ísland friðarland.

Ó, ég skyldi að þér hvísla
orðum þeim á ný,
sem þér ortu í æsku þinni
ágústkvöldin hlý,
eins og golan þrálátt þylja
þér við eyru og kinn
vísu þá er söng þér sjálfur
sumarmorgunninn,

og ég skyldi um þig vefja
ástúðlega og hljótt
töfrabláma straums og strandar
stjörnuþjarta nótt,
angan blóms á eyðiheidi,
auðlegð fjörusands,
— ef ég gæti til þín talað
tungu hafs og lands.

Uppi stend ég ósnjall maður,
— engin ræða er lík
þeirri, er feðrafold og mæðra
flytur, sögurík,
sú, er rótt við ruggur smáar
raular friðarlag,
sú, er einnig ann oss hvílu
eftir liðinn dag.

Samtök hernámsandstæðinga
þakka Guðmundi skáldi Böðv
arssyni af heilum hug fyrir
HRÍÐARSPOR í þeirri vissu að
þau muni verða ótöldum hvatning
til að vinna ótrauðlega að
framgangi óska hans, sem eru
um leið óskir samtakanna.

Hríðarspor eru til sölu á
skrifstofu samtakanna, Mjó-
stræti 3. Enn eru nokkur óseld
eintök eftir.



Frá opnun myndlistarsýningarinnar sem var fyrsta atriði á menningarvirkunni. Þóroddur Guðmundsson, skáld, opnar sýninguna.